

T I L L A G A

til þingsályktunar um hagræðingaraðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022)

Flutt af fjárhagsnefnd.

Frsm. Svana Helen Björnsdóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að gripið verði til markvissra hagræðingaraðgerða í starfsmannamálum og fasteignamálum kirkjunnar þannig að á næstu árum verði komið á fjárhagslegu jafnvægi og samhliða verði sköpuð skilyrði til nýrrar sóknar í starfi og þjónustu þjóðkirkjunnar. Megináhersluatriðin í þessum aðgerðum verði eftirfarandi:

1. Starfsmannamál

Kirkjuþing samþykkir að vegna fjárhagslegrar stöðu Þjóðkirkjunnar verði á þessu og næstu fjórum árum gripið til markvissra hagræðingaraðgerða í vígðri þjónustu kirkjunnar, sem og öðrum starfsmannamálum. Stefnt skal að því að fækka stöðugildum skv. sérstakri áætlun, sem unnin verði í samráði við biskup Íslands, fjárhagsnefnd kirkjuþings og framkvæmdanefnd kirkjuþings.

2. Fasteignamál

2.1

Kirkjuþing samþykkir, að almenna reglan varðandi prestssetur verði sú, að prestssetrum í þéttbýli þar sem búa 500 manns eða fleiri verði fækkað þar sem slíkt er hægt vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Búi fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- Þar sem aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt.
- Þar sem staðhættir, til að mynda eftir sameiningar prestakalla, réttlæta slíkt.
- Þar sem söguleg eða menningarleg rök þykja mæla með því.

Búi færri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til prestsbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að nálægð sé við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

2.2

Kirkjuþing felur framkvæmdanefnd kirkjuþings, í samráði við biskup Íslands og fasteignasvið, að undirbúa og framkvæma þær breytingar varðandi prestssetramálin, sem ofangreind samþykkt í gr. 2.1 og sú breyting á 13. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, sem af henni leiðir, hefur í för með sér. Jafnframt er framkvæmdanefnd kirkjuþings veitt heimild til sölu á þeim prestssetrum sem þannig verða aflögð. Skal stefnt að því að þau prestssetur sem hér um ræðir verði seld á næstu þremur árum og að viðhaldi á þeim verði haldið í algjöru lágmarki.

2.3

Kirkjuþing felur framkvæmdanefnd kirkjuþings í samráði við fasteignasvið, að hefja þegar í stað vinnu við að hámarka þann arð sem hafa má af eignum Þjóðkirkjunnar, þ.m.t. fasteignum og jarðnæði kirkjunnar. Einnig verði unnið að því að ná fram sem mestri hagræðingu í húsnæðismálum yfirstjórnar kirkjunnar.

Greinargerð.

1. Starfsmannamál.

Þeirri hagræðingu í vígðri þjónustu og öðrum starfsmannamálum, sem hér er lögð til, skal náð annars vegar með niðurlagningu ákveðinna embætta og starfa, og hins vegar með sameiningu annarra. Þessum breytingum skal að hluta til náð við starfslok einstakra starfsmanna, en einnig með tilfærslum í starfi. Ekki er gert ráð fyrir að grípa þurfi til uppsagna nema þá í algjörum undantekningartilfellum.

Biskupafundur kynni þær sameiningartillögur í héraði, sem samkomulag verður um, og verði þær síðan lagðar fyrir kirkjuþingið 2022-2023 n.k. haust.

Sem dæmi um hugsanlegan árangur slíkrar hagræðingar skal þess getið, að gengi sú áætlun eftir, sem undanfarið hefur verið til skoðunar, myndi hún geta leitt af sér hagræðingu sem nemur u.þ.b. 240-270 milljóna króna að núvirði er hún væri að fullu komin til framkvæmda og gæti sú hagræðing þá skipst milli ára með eftirfarandi hætti:

Á árinu 2022 ca. 26,8 m.kr.

Á árinu 2023 ca. 99,0 m.kr. (uppsafnað frá 2022)

Á árinu 2024 ca. 163,7 m.kr. (uppsafnað frá 2022)

Á árinu 2025 ca. 206,9 m.kr. (uppsafnað frá 2022)

Verði haldið áfram sams konar aðgerðum næstu ár mætti ná um 240-270 m.kr.

heildarhagræðingu að mati fjárhagsnefndar kirkjuþings.

2. Fasteignamál

2.1

Í samræmi við þessa stefnumótun varðandi prestssetur í þéttbýli flytur fjárhagsnefnd kirkjuþings sérstaka tillögu um breytingu á 13. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

2.2

Hér er framkvæmdanefnd kirkjuþings, í samráði við biskup Íslands og fasteignasvið, falið að fækka prestssetrum í samræmi við lækkað viðmið íbúa í þéttbýli úr 1500 í 500. Jafnframt er framkvæmdanefndinni veitt umboð til að selja þau prestssetur sem niður eru lögð. Einnig er það áréttað að viðhaldi eigna, sem fljótlega verða seldar, skuli haldið í algjöru lágmarki þar sem sá viðhaldskostnaður skilar sér almennt að litlu eða jafnvel engu leyti í hærra söluverði.

2.3

Lengi hefur verið um það rætt, að líklegt sé að fá megi mun meiri arð af fasteignum og jarðnæði kirkjunnar en nú er. Er framkvæmdanefnd kirkjuþings, í samráði við fasteignasviðið, því sérstaklega falið að hefja þegar í stað markvissa athugun á hugsanlegri hagkvæmni nokkurra þeirra kosta sem hvað mest hafa verið í umræðunni hvað þetta varðar. T.d. verði kannaðir möguleikar á sumarhúsabyggð að Hálsi í Fnjóskadal, lóðaskipulagi að Mosfelli í Mosfellsdal og Syðra-Laugalandi í Eyjafirði og hagkvæmni þess að selja hitarétt á Syðra-Laugalandi. Einnig verði kannað hvaða jarðir kirkjunnar gætu hentað til skógræktar og/eða annarrar kolefnisbindingar og sömuleiðis leitað eftir ódýrari kostum varðandi húsnæðismál yfirstjórnar kirkjunnar.